

Athugið!

Pésinn er kominn í sumarfrí og kemur næst út í ágúst. Skiladagar verða auglýstir á samfélagsmiðlum þegar nær dregur.

ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGURINN 17. JÚNÍ 2024

Gledilega Þjóðhátíð!



HÁTÍÐARDAGSKRÁ 80 ÁRA AFMÆLI LÝÐVELDISINS

Hið árlega 17. júní hlaup fer fram áður en hátíðardagskrá hefst. Fylgist með tímasetningu á samfélagsmiðlum.

Kl. 13:00 - Skruðganga fer af stað frá Félagsheimilinu og endar hún svo inni í Félagsheimili þar sem hefðbundin hátíðardagskrá fer fram:

- Séra Óskar H. Óskarsson flytur hugvekju
- Hátíðarræða Hrunamanns
- Fjallkonan flytur ljóð
- Viðurkenningar fyrir íþróttamann/konu ársins
- Umhverfisviðurkenningar veittar



Vatnsrennibraut og hoppukastali. Aparólan og frisbígfífið á sínum stað. Nýr ærslabelgur hefur verið settur upp í Lystigarðinum fyrir yngri börnin.

Kaffiveitingar í Félagsheimilinu á vegum körfuboltadeildarinnar.

Kaka fyrir alla í boði ríkisstjórnarinnar í tilefni af afmæli Lýðveldisins.

Á flugvellinum verður flugdagurinn, flugvélar til sýnis og vöflur í boði Flugklúbbs Flúða.

Sveitungar eru hvattir til að draga fána að húni.



Please note that on the website fludir.is, you can translate everything, with one click, to English, Polish, and Romanian.



Höldum hátíð og gleðjumst saman

Hér á okkar harðbýla landi finnst flestum sumarið vera harla stutt. Okkur finnst það vera stutt þegar vel árar veðurfarslega og hvað þá þegar vorið og sumarhlýindin virðast aldrei ætla að mæta á svæðið. Þannig hefur það svolítið verið að undanfögnu. Við hér sunnan heiða getum þó varla kvartað þegar stöðugt berast fréttir úr öðrum landshlutum um hriðarbyl, skafla, ófærð og vetrarhörkur, í byrjun júní! En þá gerum við eins og Íslendingar gera alltaf og hafa alltaf gert.



Við bíðum og vonum, enda vitum við að landið okkar er bæði gjöfult og gott þrátt fyrir einstaka harðindakafla.

Í ár fögnum við 80 ára afmæli Lýðveldisins Íslands. Við fögnum líka að við höfum kosið okkur nýjan forseta, Höllu Tómasdóttur, sem án vafa á eftir að reynast okkur góður og farsæll forseti.

Öllum áföngum í lífinu ber að fagna. Afmælum sérstaklega enda eru þau okkur dauðlegum ekki sjálfsögð. En það að halda upp á afmæli Lýðveldisins Íslands og eða sveitarfélags er heldur meira mál.

Afmæli Hrunamannahrepps 2026

Hér hefur sveitarstjórn samhljóða tekið þá ákvörðun að halda upp á afmæli Hrunamannahrepps. Í fyrsta sinn í sögu hreppsins ætlum við að halda upp á afmæli sveitarfélagsins. Það hefur þó verið ærinn vandi að finna út hversu gamall Hrunamannahreppur er enda hefur hann líklega alltaf verið til eða frá því fyrir landnám. Ekki er þó að fullu ljóst hvenær landinu var skipt í hreppa. Heimildir um hreppa má finna í lögum Grágásar (930-1271) svo formlega voru þeir löngu orðnir til áður en lög um tíund tóku gildi 1096-1097 en með þeim urðu skyldur hreppanna formlega til. Sé miðað við tíundarlögin þá mun Hrunamannahreppur fagna 930 ára afmæli árið 2026. Og við þau tímamót miðar sveitarstjórn og stefnir á vegleg hátíðahöld árið 2026.

Viðburðir sameina og gleðja

Afmæli gefa okkur tækifæri til að gleðjast saman, treysta böndin, eiga sameiginlegar ánægjustundir um leið og við búum til minningar sem er ómetanlegt. Hér í Hrunamannahreppi gefast okkur fjöldi tækifæra til að gera einmitt þetta. Nú er nýafstaðið Miðfellshlaupið sem að vanda var vel sótt og skemmtilegt. Rusladagurinn er einstaklega skemmtileg hefð og gagnleg með eindæmum. Göngu-

ferðir sem skipulagðar eru og leiddar af kraftmiklum einstaklingum eiga sér stað í hverri viku. Um leið og við göngum saman og njótum samverunnar kynnumst við nýjum svæðum og sögum sem við hefðum mögulega ekki annars gert. Framundan eru hátíðahöld Þjóðhátíðardagsins. Fjölbreytt dagskrá sem betur er kynnt annars staðar í Pésanum. Garðyrkjufélag Íslands hefur síðan ákveðið að efna til garðaskoðunar hér á Flúðum um miðsumar sem einnig verður betur kynnt síðar. Hér verða körfuboltaþúðir, golfmót, flugdagur og margt fleira skemmtilegt.

Sumarið er tími framkvæmda

En sumarið er einnig tími framkvæmda og hér er ekki slegið slöku við hvað það varðar. Verið er að klára gatnagerð við Loðmundartanga þar sem öllum lóðum hefur þegar verið úthlutað. Verið er að vinna í fráveitu frá Hótel Hill og niður undir Hofatúnið með tilheyrandi færslu hreinsimannvirkisins sem nú er við Birkihlíð. Framundan eru endurbætur á kennslugangi Flúðaskóla og innrétting heilsuræktar og sjúkráþjálfunar í íþróttahúsinu. Endurbætur á skólalóð, endurnýjun brúar yfir Hellisholtalækinn, uppsetning leiktækja við Ásastíg og margt margt fleira er síðan á framkvæmdalista sumarsins.

En fyrst og síðast verðum við að muna að samfélagið sköpum við öll, saman. Það gerum við með virkri þátttöku í viðburðum og með því að sýna hvert öðru virðingu og umbuðarlyndi. Þannig gerum við hreppinn okkar, þennan sem bráðum fagnar 930 ára afmæli sínu, enn betri en áður.

*Með óskum um gleðilegt og gott sumar,
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri*

FÁÐU SLYSIÐ BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.

 **BÓTARÉTTUR**
- þú færð þitt



botarettur.is

Lausaganga hunda er bönnuð

Að gefnu tilefni er rétt að áréttta að samþykktir um gæludýrahald eru til staðar í Hrunamannahreppi. Gæludýr eru leyfis- og skráningarskyld og ber að greiða af þeim gjöld í samræmi við samþykktir.

Það er á ábyrgð gæludýraeiganda að gæta að velferð dýra sinna og ekki síður að gæta þess að dýrin séu ekki öðrum til ama eða óþæginda.

Í 2 gr. samþykktar um takmörkun hundahalds stendur m.a.:

„Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með einhverjum sem hefur fullt vald yfir honum. Undantekning frá þessu gildir þó innan eigin lóðar og/eða lögbýlis, einnig varðandi smalahunda, minkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna“.

Einnig segir í sömu grein að:

„Hundaeigandi ber ábyrgð á því að hundur hans raski ekki ró íbúa hreppsins og sé hvorki þeim né þeim sem um sveitarfélagið fara til óþæginda, með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slyshættu. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar.“

Tökum tillit til fuglalífs

Í gildi er samþykkt um kattahald í Hrunamannahreppi og þar segir í 4. gr.:

„Kattareiganda er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Leyfishafa ber að greiða það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.“

Í sömu samþykkt 5. gr. segir einnig:

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs, t.d. með því að hengja bjöllu á þá og eftir atvikum að takmarka útiveru þeirra. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

Förum eftir samþykktum og stuðlum að betra gæludýrasamfélagi. Fyrir dýrin okkar öll og fyrir alla íbúa Hrunamannahrepps.

Sveitarstjóri

Póstbox er komið við Krambúðina

Það var ánægjulegt að hitta þessa rösku menn sem mættir voru snemma einn daginn í síðustu viku til að setja upp Póstbox við Krambúðina hér á Flúðum. Það er gaman að geta sagt frá því að Póstboxið hér á Flúðum er nr. 100 á landinu. Af því tilefni verður slegið upp veislu hér við búðina næsta föstudag, 14. júní kl. 15:30. Pylsur, drykkir, andlitsmálun fyrir þau yngstu, lukkuhjól, vinningar og fjör.

Uppsetning Póstboxins eykur þjónustu við íbúa sem og gesti sveitarfélagsins og sumarhúsaeigendur til mikilla muna en með því geta allir fengið sendar þær vörur sem þeir óska beint í heimabyggð og nálgast þær hvenær sem er sólarhringsins.




Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14
845 Flúðir

flight@simnet.is
Sími 699 0757

Útskrift og skólaslit Flúðaskóla

Mánudaginn 3. júní var árgangur 2008 útskrifaður úr Flúðaskóla. Alls útskrifuðust 14 nemendur að þessu sinni. Útskriftarnemendurnir Sigurður Emil Pálsson og Vésteinn Loftsson fluttu tónlistaratriði. Vésteinn og Ragnheiður Kristinsdóttir fluttu skemmtilegar ræður fyrir hönd bekkjarfélaga sinna um árin sín og samveruna



í Flúðaskóla. Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir var umsjónarkennari hópsins öll 3 árin á unglíngastigi en hún var erlendis á meðan útskriftin fór fram. Það kom því í hlut Önnu Kristjönu Ásmundsdóttur dönskukennara og Sigríðar Steinunnar Einarsdóttur náttúrufræðikennara að aðstoða við útskriftina. Anna og Sigga Steina unnu mikið með hópnum í vetur og héldu m.a. utan um SLAM verkefnið góða. Anna og Sigga afhentu nemendum viðurkenningar og nemendur gáfu þeim stóllum gjafir sem þakklætisvott fyrir sína vinnu. Að lokinni útskrift færðu útskriftarnemendur starfsfólki skólans rósir í kveðjuskyni. Öllum viðstöddum var boðið upp á kaffiveitingar þegar formlegri dagskrá lauk.

Að morgni sama dags mættu nemendur í 1.-9. bekk í skólann og tóku á móti ein-kunnum frá sínum umsjónarkennurum í heimastofum. Í upphafi hittust þó allir á sal og sungu saman Flúðaskólalagið skemmtilega sem að Magga S. Brynjólfsdóttir samdi.

Í síðustu viku var talsvert um uppbrot en ferðalög allra nemenda voru þá á dagskrá auk þess sem að sérstakur íþróttadagur var haldinn í fyrsta skipti. Fór hann afar vel fram og endaði á íþróttakeppni starfsfólks og nemenda. Af virðingu við þátttakendur verða úrslit ekki tilkynnt frekar. Síðasta kennsludaginn var vorhátíðin okkar þar sem nemendahópar glímdu við hinar ýmsu þrautir sem starfsfólkið setti fram. Ein þrautin var að nefna forsetaframbjóðendur hvar nemendur komu starfsfólki skemmtilega á óvart með þekkingu sinni. Þá var hoppukastali fenginn á svæðið í boði foreldrafélagsins sem vakti mikla lukku.

Skólahald hefst aftur 22. ágúst.



Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf
Beðahreinsun - Garðsláttur
Garðaúðun - Trjáklippingar
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufæðingur

Sími 858 3399
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



Sundlaugin á Flúðum

Sumaropnun

1. júní - 15. ágúst

Alla virka daga kl. 11:00 - 20:00

Laugardaga og sunnudaga
kl. 11:00 - 18:00.

**Á næstu dögum verður sundlaugin
lokuð vegna árlegs viðhalds. Nánari
upplýsingar á samfélagsmiðlum.**

Árskort sem gilda í sundlauginna, íþrótt- og tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði, aðeins 16.000 kr. Minnum á að hjá flestum stéttarfélagum er hægt að sækja um styrk.

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps

Stjórn félagsins skipa þær Valný í Skipholti formaður, Marta á Kópsvatni ritari og Vigdís í Syðra Langholti gjaldkeri. Meðstjórendur eru Ella Jóna í Tungufelli, Else á Suðurbrún og Tone á Selfossi. Ísland 3 - Noregur 3. Félagskonur eru 61.



Þó að aðalstarfsemi og fjáröflun félagsins í dag felist í að sjá um erfidrykkur

þá gerum við okkur líka glaðan dag og skellum okkur í leikhús og stuttar ferðir. Utanlandsferðir hafa líka verið á dagskrá félagsins. Félagið er með nefnd á sínum snærum sem býður uppá dagsferð fyrir eldri Hrunamen að sumri til. Einnig er starfandi fjáröflunarnefnd sem hefur verið öflug og hafa kvenfélagskonur m.a. í gegnum tíðina slegið kirkjugarðinn í Hruna til fjáröflunar, selt kleinur og nýbak-aðar pönnukökur haldið markaði og verið með tombólur og kókubasara. Fastur liður síðustu ár hefur verið að selja kaffi og vöflur á uppskeruhátíðinni á Flúðum. Barnaskemmtunin milli jóla og nýárs er með elstu samkomum sveitarinnar og hefur verið haldin með örfáum hléum vegna farsóttá frá fyrstu árum félagsins eða 77 sinnum.

Félagið var stofnað 1942 og hefur frá stofnum beitt sér í samvinnu kvenna, líknarmálum og trjá- og garðrækt. Það hefur verið duglegt að styrkja einstaklinga, félög og stofnanir í nærsamfélaginu. Árið 1946 fékk félagið skika úr landi Hellis-



holta þar sem Kvenfélagsskógurinn í Lækjargarðinum er nú. Árið 1998 fékk félagið skikann að gjöf frá landeigendum. Skógurinn er núna mikið notaður af skólunum í sveitinni sem og sveitungum og gestum.

Kvenfélagskonum hefur verið fátt óviðkomandi í gegnum árin einsog sést í fundargerðum. Á upphafsdögum félagsins höfðu þær áhyggjur af söngmennt íbúanna og töldu þörf á að halda söngnámskeið. Ekki er vitað hvort úr varð en ljóst er að söng Hrunamanna hefur farið vel fram á síðustu áratugum. Félagið kom að byggingu félagsheimilisins og átti til margra ára hlut í því. Árið 1973 var leikfimi rædd og talin nauðsynleg til að laga vöxtinn! Í mörg ár voru sérstakar kvennaopnir í sundlauginni að frumkvæði félagsins. Árið 1976 kom félagið að uppbyggingu elliheimilisbúða á Flúðum og 1979 (á ári barnsins) kom m.a. til tals að auka þyrfti barneignir í sveitinni svo skólinn legðist hreinlega ekki af! Árið 1980 var svo rætt um brýna þörf fyrir hjúkrunarheimili og er aðkoma félagsins að Ljósheimum á Selfossi (í gamla sjúkrahúsinu) stærsta einstaka framlag þess til líknarmála. Þar var bæði stutt við með fjármagni og vinnu, sparslað og málað m.a.

Það er margt skemmtilegt sem kemur fram í gömlum fundargerðum félagsins einsog t.d þegar fréttist af karlmanni í sveitinni sem fannst félagskonur ekki dreifa sultunni nógu vel um alla rjómapönnukökuna. Þetta var að sjálfsgöðu fært til bókar og hefur dreifing sultu batnað til muna.

Með þessum pistli viljum við í stjórn félagsins minna á okkur í kvenfélaginu og segja aðeins frá starfsemi fyrri og nú. Við viljum líka hvetja konur til að ganga í félagið og leggja okkur lið. Það er gaman að vera kvenfélagskona og láta gott af sér leiða.

Með góðum kveðjum frá stjórninni.



Gönguferðir eru góð skemmtun!

Minum á miðvikudagsgöngurnar hér
í Hrunamannahreppi í sumar.

Fjölbreyttar og skemmtilegar. Endilega kynnið ykkur næstu göngur á Facebook-síðunni *Gönguferðir í Hrunamannahreppi*.



Næstu gönguferðir er:

4. FERÐ // 12. JÚNÍ

Fossaganga

5. FERÐ // 19. JÚNÍ

Hörgsholt - Sólheimar

6. FERÐ // 26. JÚNÍ

Berghylur - Grænamúli

7. FERÐ // 17. ÁGÚST

Stóra-Laxárgljúfurs ganga

Nánari upplýsingar inni á Facebook-síðunni
Gönguferðir í Hrunamannahreppi

Bridgeárið 2023-2024

Nú er vetrarstarfi í bridge lokið, með tilheyrandi verðlaunaafhendingu og aðalfundi félagsins. Veitt voru verðlaun fyrir aðaltvímenning, tvenndarkeppni og sveitakeppni.

Mikil aukning hefur orðið á fjölda spillara þetta árið og horfum við full bjartsýni til komandi hausts og að þá muni enn fleiri bætast í hópinn.

Við heiðruðum tvo stofnfélaga með blómum, en þeir eru Garðar Olgeirsson Hellisholtum og Guðmundur Böðvarsson Syðra-Seli.

Nú í haust stendur til að fara með fræðslu og kennslu í 8., 9., og 10. bekk grunnskólans. Fræðslan á svo að verða áfram næstu ár. Einnig stefnum við að því að hefja nýliðabridge í haust ef þátttaka næst.

Þetta er góð heilaleikfimi sem og góður félagskapur bæði fyrir unga jafnt sem aldna. Elsti keppandinn í okkar hópi er á tíræðisaldri.



Anna Katrín og Valdís Una Íslandsmeistarar og ungmennaflokkur karla deildarmeistari



Ungmennaflokkurinn var í vetur rekinn í samstarfi við Selfoss Karfa og voru sex Hrunamenn og sex Selfyssingar sem skipuðu meistaraliðið. Leikurinn byrjaði vel fyrir okkar menn sem náðu snemma yfirhöndinni í leiknum. Okkar menn héldu svo öruggri forystu allan leikinn og lönduðu kærkomnum titli. Strákarnir hittu vel, spiluðu virkilega vel saman og endaði leikurinn 116-89 okkar mönnum í vil. Óðinn Freyr Árnason hlaut nafnbótina maður leiksins en hann skilaði 30 stigum, gaf 4 stoðsendingar og reif niður 3 fráköst!

Þær Anna Katrín Víðisdóttir og Valdís Una Guðmannsdóttir urðu á dögnum Íslandsmeistarar með liði sínu, Hamri/Þór í körfubolta. Stelpurnar sigruðu KR 2-0 í einvígi um titilinn og er þetta annað árið í röð sem stelpurnar hafna titlinum. Stelpurnar leggja mikið á sig til að iðka íþrótt sína en þær æfa í Þorlákshöfn 5-6 sinnum í viku og þurfa því að leggja talsverðan tíma í keyrslu á æfingar. Anna Katrín og Valdís Una léku báðar mjög vel í lokaleikum og voru lykilmenn í sigrinum!



Þéssinn birtir
auglýsingar og
skemmtilegt efni
um allt það sem
um er að vera í
sveitarfélaginu.



GRASTORF TIL SÖLU

Afhendist á Hjálmsstöðum í rúllum
sem eru 10 - 20 fm að stærð.
Verð 650 kr. fm. + vsk.

Daníel Pálsson, sími 868 3037
Hjálmsstöðum, Laugardal.

MULTICULTURALISM IN UPPSVEITIR ÁRNESSÝSLA

Join us in a project that promotes the inclusion of all residents, regardless of origin.

Workshops in June:

12th of June – Community Center in Flúðir, Hrunamannahreppur at 6-8 pm

19th of June – Community Center in Borg, Grímsnes- og Grafningshreppur at 6-8 pm

20th of June – Community Center Aratunga, Bláskógabyggð at 6-8 pm

(Each workshop is a standalone event)

Please answer the survey: <https://forms.office.com/e/1Gz50R8fM>

Together we make the community better!

FJÖLMENNING Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

Komdu og taktu þátt í verkefni sem stuðlar að inngildingu allra íbúa, óháð uppruna.

Vinnustofur í júní:

12. júní – Félagsheimilið á Flúðum í Hrunamannahreppi kl. 18-20

19. júní – Félagsheimilið á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi kl. 18-20

20. júní – Félagsheimilið Aratungu í Bláskógabyggð kl. 18-20

(Hver vinnustofa er sjálfstæður viðburður)

Vinsamlegast svarið könnuninni: <https://forms.office.com/e/1Gz50R8fM>

Saman gerum við samfélagið betra!



Scan the QR code!
Skannið QR-kóðann!



Kristín sigraði í Stóru upplestrarkeppninni

Flúðaskóli, ásamt fjórum öðrum skólum, tók þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Í ár var keppnin haldin að Laugarvatni fimmtudaginn 23. maí sl.

Keppendur Flúðaskóla voru að þessu sinni þær Emma Rún Sigurðardóttir og Kristín Viðja Árnadóttir. Varanemandi var Svava Marý Þorsteinsdóttir. Þær Elín Helga Svansdóttir (söngur) og Sigrún Björk Bogadóttir (píanó) töfðu fram tónlistartriði við undirspil Árna Þórs Hilmarssonar. Þær stóðu sig allar frábærlega. Leikar fóru svo þannig að Kristín Viðja sigraði keppnina og fékk m.a. 15.000 kr. í verðlaun. Við þökkum Ingibjörgu Baldursdóttur, íslenskukennara, sérstaklega, fyrir tímann sem hún gaf sér til að æfa með lesurunum okkar fyrir keppnina.



Grenjaskyttur komnar á fullt ról

Refir eru skaðræðisskepnur í íslenskri náttúru og vinna tjón bæði á bústofni en ekki síður í varplöndum fugla. Nauðsynlegt er að halda refastofninum niðri og engin leið er betri til þess en grenjavinnsla samhliða vetrarveiði.

Rétt er að geta þess að núna eru grenjaskytturnar komnar á fullt ról hér í Hrunamannahreppi.

Að gefnu tilefni viljum við taka fram að einungis ráðnir veiðimenn mega veiða refi á tímabilinu 1. maí - 1. ágúst. Viljum við biðja fólk um að vera ekki að styggja við ref en endilega fylgjast með ferðum hans ef kostur er.

Ef þið verðið vör við ref getið þið haft samband við Eggert í síma 845 5026 eða Jón í síma 848 4757, einnig er hægt að senda tölvupóst á grayriver-hunting@gmail.com vegna neðra svæðis Hrunamannahrepps í byggð. Vegna efra svæðis (Tungufells og nálægra jarða, heiðanna og hálendisins) er best að hafa samband við Jón Óla í síma 893 6723.

Hoppuland í Lystigarðinum

Nýr ærslabelgur, að þessu sinni af minni gerðinni, hefur verið settur upp við hlið hins stóra í Lystigarðinum. Er sá minni ekki síst hugsaður fyrir yngri börnin sem langar svo ósköp mikið að hoppa eins og þeir sem stærri eru en hræðast kannski aðeins stærðina og hæðina á stóra ærslabelgnum. En núna ættu allir, stórir sem smáir, að geta hoppað og skoppað að vild án þess að óttast að detta af ærslabelnum.

En þá er spurningin hvort við ættum ekki að skíra ærslabelgina einhverjum skemmtilegum nöfnum? Litli og stóri eru ekki sérlega skemmtileg svo það væri gaman að fá sendar tillögur að skemmtilegum heitum á ærslabelgina okkar. Endilega látið hugann reika og sendið tillögur á hruni@fludir.is.



Fóttaæðgerðastofa
Öddu Siggu

Miðfelli 2a
Tímappantanir í síma
867 6580



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).**



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum
Sími 861 9682



**Löggiltur rafverktaki
/ bílaflutningur**

Axel
Sími 860 7073



FARMERS MARKET - MELAR 845 FLÚÐIR

Litla Bændabúðin

Opið alla daga
kl. 10:00 - 17:00

Bændamarkaður með fjölbreytt úrval af íslenskri matvöru. Beint frá bónda og smáframleiðendum.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir (hruni@fludir.is)
Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir (svanhildur@fludir.is)
Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Umhverfissvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600
pesi@fludir.is
www.fludir.is